

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 319/1989. **Guðmundur Axelsson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Víxlar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Fram er komið, að 1. ágúst 1989 hafi verið ákveðið að breyta nafni Útvegsbanka Íslands hf. í Íslandsbanka hf., og hafi sú breyting tekið gildi 1. janúar 1990.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og ákvæða a-liðar l. gr. og 12. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutfélagsbanka um Útvegsbanka Íslands ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1989.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. maí 1989, hefur Útvegsbanki Íslands hf., Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 20. febrúar sl., gegn Guðmundi Axelssyni, 090536-2579, Barónsstíg 11 A, Reykjavík, til greiðslu á kr. 800.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 5. desember 1988 til 1. janúar 1989, með 1,8% p.m. frá þeim degi til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. vaxtálögum nr. 25/1987

til greiðsludags, kr. 300.00 í bankakostnað og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkrafan er samkvæmt eigin vixli að fjárhæð kr. 800.000, útgefnum af stefnda 8. nóvember 1988 til greiðslu 5. desember 1988 í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík. Í vixlinum er sá, sem við greiðslu á að taka, þannig greindur: „Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, eða þeim, sem hann tilvísar“.

Stefndi byggir á þeirri málsástæðu, að stefnandi sé ekki réttur aðili.

Stefnandi vitnar til 12. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, þar sem segir, að hlutafélagsbanki yfirtaki Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987 og að Útvegsbanki Íslands teljist niður lagður frá þeim degi.

Ekki virðist neinn vafi um það samkvæmt gögnum málsins, að stefndi hafi í raun gefið vixilinn út til stefnanda, þótt þess sé ekki getið, að bankinn sé rekinn af hlutafélagi.

Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga 32/1978 um hlutafélög og 4. mgr. 9. gr. firmalaga nr. 42/1903 er skylt að hafa orðið hlutafélag eða skammstöfun þess í nafni firma og hlutafélags. Þessi ákvæði lúta einvörðungu að ritun hlutafélaga á nafni sínu, en kveða ekki á um, hverju varðar, ef aðrir rita nafn hlutafélags á annan hátt en fyrir er mælt. Samkvæmt 75. gr. vixillaga nr. 93/1933, 5. tl., skal tilgreina í eigin vixli nafn þess, er við greiðslu á að taka eða ávísá má fjárhæðinni til greiðslu. Að því er hlutafélög varðar, virðist bera að nefna þau í samræmi við áðurgreind ákvæði firma- og hlutafélagalaga. Vangæsla í þessu efni leiðir þó eigi til þess, að vixillinn verði metinn ógildur, að því tilskildu, að einhver viðtakandi sé tilgreindur, enda er ekki byggt á því í málinu, að vixillinn sé ekki í réttu formi. Þótt orðið hlutafélag eða skammstöfun þess sé ekki greint við nafn þess, sem við á að taka, girðir það ekki fyrir, að félagið geti sótt rétt sinn samkvæmt vixlinum, ef ekki er efamál um rétt þess, og þegar jafnframt er gætt ákvæða laga 7/1987, þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en því hefur verið vikið til vixilmálameðferðar. Í stefnu er vixlinum lýst svo sem í honum stæði „hf.“ við nafn Útvegsbankans. Eins og málum var háttað, gat það ekki vafist fyrir stefnda, út af hverju var stefnt, og þykir þá þessi ónákvæmni ekki eiga að leiða til frávísunar.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 130.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Axelsson, greiði stefnanda, Útvegsbanka Íslands hf., kr. 800.000 með 2,5% mánaðarvöxtum frá 5. desember 1988 til 1. janúar 1989, með 1,8% p.m. frá þeim degi til 16. mars 1989, en með dráttarvöxtum, þ.m.t. vaxtavöxtum, skv. III. kafla laga 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 300 í bankakostnað og kr. 130.000 í málskostnað ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga 25/1987 og 3. mgr. 175. gr. laga 85/1936, sbr. 21. gr. laga 54/1988.
